

Þórarinn Torfason

Sígt milli skýja

©Þórarinn Torfason

Fyrsta útgáfa: Ylur 2004

Önnur útgáfa: Rafbók, Ylur 2019

ÞÖGN

Í þögn
skriður bjalla
eftir gólfi

Þú
horfir á hana

í þögn

uns
hverfur
inn í myrkur

og
þögn

TJÖRNIN

Renndum okkur
á ísilagðri tjörn

Óttuðumst
það
sem lá
á botninum

Beið færís

LJÓSFİÐRILDI

Myrkur

og
fæin
ljósfıðrildi
fljúga hjá

Næ
ekki
að fanga þau

HENDUR ÞÍNAR

Hendur þínar
kljúfa loftið
ótt og títt
sem sverð eða hnífur

Rifna af

og
fljúga brott

Veist ekki
hvort þær koma aftur

og
stendur á sama

DANS

Stígum dans
um eld
er logar glatt

Dönsum
í takt við
trumbuslátt

og
söngl
okkar sjálfra

Áður en
höldum
út í óvissuna

DYR

Hendur

róta
í mold

Finna ekki

dyr

er
vísa leið

SKUGGAR

Sveima skuggar

yfir
tærum vötnum
huga þíns

sem
gruggast sífelld

er
skuggarnir lengjast

KYNJAMYNDIR

Sé
kynjamýndir
í þokunni

sem
streymir

úr
augum þínum

KVEDJA

Geng út

Veit
ég á aldrei
afturkvæmt

Fer

og
kem

ekki aftur

DEPURÐ

Lýstu
upp myrkrið

er
sífelld vakir

fyrir
augum mínum

NÓTTIN GLEYPTI OKKUR

Nóttin gleypti okkur

nam á brott
í hitasvækju

Hefðum
annars dansað
er sólin
reis að morgni

Stigið
á geisla hennar

BROT

Er fuglinn
flaug upp

fundum við
brotin

sem
við leituðum

Reyndum
að raða saman

Án árangurs

FISKAR

Fiskarnir
í brjóstinu

horfnir

Flugu burt
á vængjum

er á þá uxu

VATNSDROPI

Í lófa
vatnsdropi

sem

þú
þráir
að kyssa

VANMÁTTUR

Gátum
ekkert gert

Stóðum
einungis stjörf

Biðum

þar til
skall á okkur

af
gríðarlegu afli

ANDVARI

Um okkur
lék andvari

Vissum samt
að tíminn
nálgaðist

óðum

TÍMI

Dragðu upp
á blað
tímann
sem leið

þegar þú
áttir
ekki orð

ANNAR TÍMI

Dvelur stundum
í öðru húsi
öðrum tíma
en þú hugðir

Án þess
þú fáiir
nokkuð að gert

ÞUNG SPOR

Hettur
kuflanna þungu
hylja
andlit okkar

er við
göngum
þungstígir
niður hæðina

eftir stíg
sem lagður var
í árdaga

SKRÚÐI

Klæðumst flikum
sem við grófum
af hafsbötni

Hafa legið
um aldir

Skörtum þeim
sem fegursta skruða

NÓTTIN MUN VAKA

Og nóttin

hún
mun vaka

áður en
birtan
flæðir inn
um glugga þinn

Er þú
lítur út
sérðu sólina

glotta

hátt
á himni

KENND

Undir fótum jörð

sem ég hef
gengið á

fram að þessu

Finnst samt

ég hafi aldrei
snert hana

áður

HORFNIR DRAUMAR

Grétum
draumana sem týndust

hurfu

líkt og
gufuðu upp

á leið hingað

NÓTTIN LEIÐ

Og
nóttin leið

sem örskot

án þess
við tækjum eftir

Fyrir en birti

af
nýjum degi

SKÓGUR

Skógurinn sefur

Hrotur trjáanna
heyrast
langar leiðir

Jafnvel
alla leið
hingað
til mín

HÚN

Gengur
hægum skrefum
eftir gangstétt

Styður
sig við staf

Man
er hún hljóp
sömu stétt

á eftir
honum
sem hvarf
 ævinlega
fyrir horn

Vissi
hún næði honum

aldrei

FORTÍÐ

Hurfum
nóttina köldu

Forðum

Skildum
ykkur eftir

ÞRÖNGAR GÖTUR

Steinlagðar götur
svo þröngar

Getum
næstum
teygt okkur
milli húsa

FÁFARNAR SLÓÐIR

Gatan hellulögð

Dökk

Mætum fáum

enda

steint á ferð
um fáfarnar slóðir

FLÓÐ

Áin stóra
stækkar
vex

svo
allir óttast

Nema við

á eyju
í henni miðri

KIRKJA

Svalandi
að standa
 um stund
í kaldri kirkju

Hlýða messu
á framandi
tungumáli

Aðeins
um stund

VÆL Í MYRKRI

Heyrir
væl í myrkri

Heldur
að óvætt
sé komin

að
ná í þig

Finnur þá:

hita í lofti

svita á andliti

og manst:
lestarstöð skammt frá

Í LJÓSASKIPTUNUM

Söngur fuglanna
í ljósaskiptunum

ekki
ætlaður mér

Finnst þeir
samt
ávarpa mig

Engan annan

LJÓS Í FJARSKA

Í fjarska
ljós

Þokumst
hægt
nær og nær

uns
í augu
stingst

sól

SÓLARFLUG

Gerðum okkur
vængi

úr
hélunni
á rúðunni

Flugum
á þeim
til sólarinnar

sem
bræddi þá

NÆTURFERÐ

Á dökkum vegi

bíll

lýsir
hvítan hóp

Víkur ekki

STEINAR Í LÓFA

Vógum
steina í lófa

Þeyttum
á haf út

Af
veikum mætti

Í KOFA

Dvel
við vatnið

í kofa
áa minna

Sit
fyrir skrímslinu

Líkt og
forfeður mínir

og
afkomendur

MORGUNVERK

Halla mér
smástund
í sófann

áður en

fuglarnir
kalla mig
til morgunverka

við hafið

SJÓR

Sjórinn
á firðinum

svo sléttur

Í honum
speglast myrkrið

er
augu mín
renna til hafs

SKIP

Horfðum
á skipið

sigla
inn í sólina
að morgni

og

fögnuðum
glerbrotinu
í auganu

VATN

Á lygnu
vatni
liggur bátur

Bíður þess
að sigla

milli skýja

GÁRUR

Vatnið gárast
er minnst varir

jafnvel í logni

Þegar
vatnabúinn
byltir sér

SIGLING

Sigldum
fyrir nesið

og
við okkur blasti
hús

í fjöruborðinu

Höfðum
ekki séð það áður

þrátt fyrir
ótal ferðir